

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1982. Frá þeim tíma eru felld úr gildi lög nr. 38 frá 15. febr. 1945 um stofnun búnaðarmálasjóðs og breytingar á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1982.

Gunnar Thoroddsen.

Jón Helgason.

Logi Einarsson.

(L. S.)

Pálmi Jónsson.

7. maí 1982.

Nr. 41.

LÖG

um breytingu á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 frá 16. apríl 1971, ásamt síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs er nemi 250 þúsund krónum.
2. Gjald á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins, er hér segir:
 - a. ½% á söluvörur í alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskrækt, land- og veiðileigu.
 - b. 1% á annað sem gjaldskylt er.

Gjald þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald.

3. Gjald á óniðurgreitt heilðsöluverð landbúnaðarvara, er nemi 1%. Gjald á vörur, sem ekki eru verðlagðar af sexmannanefnd, skal miða við áætlað heilðsöluverð. Heimilt er landbúnaðarráðherra að ákveða endurgreiðslu þessa gjalds eða niðurfellingu þess við útflutning afurða, sem ekki njóta útflutningsbóta úr ríkissjóði eða þegar útflutningsbætur hrökkva ekki lengur til. Sölusamtök framleiðenda og aðrir seljendur á heilðsölustigi skulu standa skil á gjöldunum. Gjald þetta nær til allra sömu vörutegunda og gjald skv. 2. tl. þessarar greinar.

Innheimta skal sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið er af kartöflum framleiddum innanlands.

4. Jöfnunargjald 1%, er skal reikna og innheimta á sama hátt og segir í 3. tl.
5. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi jafnhárrí fjárhæð og nemur samanlögðum tekjum skv. 2. og 3. lið þessarar greinar.
6. Vaxtatekjur.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu á gjöldum skv. 2., 3. og 4. tl. þessarar greinar og skal innheimta og álagning gjaldanna fara fram samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

63. gr. orðist svo:

Stofnunin ber heitið Byggingastofnun landbúnaðarins og starfar undir stjórn Stofnlána-deildar landbúnaðarins.

3. gr.

68. gr. orðist svo:

Byggingastofnun landbúnaðarins er heimilt að selja þjónustu sína á sanngjörnu verði samkvæmt ákvörðun stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Því fé, sem fæst fyrir selda þjónustu, er stjórn deildarinnar heimilt að ráðstafa að hluta í sjóð, sem hafi það verkefni að styrkja nýjungar í gerð gripahúsa. Styrkveitingar skulu háðar samþykki forstöðumanns byggingastofnunarinnar. Að öðru leyti gangi það upp í rekstur Byggingastofnunar landbúnaðarins.

4. gr.

69. gr. orðist svo:

Stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins ræður forstöðumann Byggingastofnunar landbúnaðarins og skal hann vera arkitekt eða með sambærilega menntun.

Hann skal annast rekstur stofnunarinnar eftir nánari ákvörðun stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að höfðu samráði við landnámsstjórn.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1982.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög nr. 45 frá 16. apríl 1971 skulu endurskoðuð í heild og skal endurskoðun þeirra lokið fyrir árslok 1984.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1982.

Gunnar Thoroddsen. Jón Helgason. Logi Einarsson.
(L. S.)

Pálmi Jónsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

19. gr. laganna orðist þannig:

Í hverri sýslu og hverjum kaupstað skal starfa þriggja manna gróðurverndarnefnd. Sýslunefndir og bæjarstjórnir kjósa nefndirnar til fjögurra ára í senn. Í sýslum landsins skal áður leitað tillagna viðkomandi búnaðarsambands. Nefndin kys sér formann. Funda- og ferðakostnaður svo og þóknun fyrir unnin störf gróðurverndarnefndar greiðist af fé Landgræðslu ríkisins að 2/3 hlutum og viðkomandi sýslusjóði eða bæjarsjóði að 1/3 hluta.